

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um hindranir fjölmiðla á Keflavíkurflugvelli.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Af hverjum og á hvaða forsendum og grundvelli, þ.m.t. lagalegum heimildum, var ákvörðun tekin um að beina flóðljósum að fjölmiðlafólki sem hindraði störf þess aðfaranótt 3. nóvember 2022 á Keflavíkurflugvelli?
2. Telur ráðherra að sú ákvörðun sem getið er í 1. tölul. hafi verið í samræmi við alþjóðlega mannréttindasáttmála, íslensk lög og hefðbundnar verklagsreglur?
3. Brást ráðuneytið við ofangreindum atvikum á einhvern hátt? Ef svo er, hvernig? Ef ekki, af hverju ekki?

Skriflegt svar óskast.